

FUNDARGERÐ HREPPSNEFNDAR

Fimmtudaginn 16. janúar 2003 var fundur haldinn í Hreppsnefnd Höfðahrepps kl 8⁰⁰ á skrifstofu hreppsins.

Á fundinn voru mætt: Adolf H. Berndsen, Birna Sveinsdóttir, Jensína Lýðsdóttir, Gunnar Þór Gunnarsson og Magnús B. Jónsson

Oddviti setti fundinn og stjórnaði honum.

1. Námskeið fyrir sveitarstjórnarmenn, 15.-16. og 22.-23. febrúar 2003.

Fyrir fundinum lá bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga þar sem kynnt er að námskeið verði haldið fyrir sveitarstjórnarmenn dagana 15. – 16. og 22. – 23. febrúar nk. Í bréfinu kemur fram að námskeiðin verði haldin í samvinnu við landshlutasamtök sveitarfélaga og greint frá leiðbeinendum og efni námskeiðanna. Fyrir fundinum lágu einnig upplýsingar um að námskeiðið á Norðurlandi vestra verði haldið dagana 22. – 23. febrúar á Sauðárkróki og að skráningu þurfi að ljúka fyrir næstu mánaðarmót. Bréfið var til kynningar og því beint til hreppsnefndarmanna að skrá sig á námskeiðið fyrir tilskilinn tímamörk.

2. Bréf:

a) Embættis yfirdýralæknis, dags. 27. nóvember 2002.

Bréfið sem er stílað til Landbúnaðarráðuneytisins fjallar um útrýmingu fjárkláða í Húnavatns- og Skagafjarðarsýslum. Í bréfinu er lagt til m.a. að sveitarfélög muni skipa og kosta mann til að sjá til þess að kindur sem koma að eftir aðgerðir, verði einangraðar þar til þær hafi hlotið sömu meðhöndlun og annað fé á svæðinu. Einnig er lagt til að sveitarfélögin ráði og greiði laun manna til að samræma hreinsun húsa og sjá um úðun mauraeiturs.

Hreppsnefnd samþykkti að taka þátt í verkefninu í samstarfi við önnur sveitarfélög og greiða kostnað í hlutfalli við búfjárfjölda.

b) Götusmiðjunnar, dags. 12. desember 2002

Í bréfinu er sveitarfélaginu boðið að taka þátt í útgáfu Götunnar með auglýsingum eða styrktarlínum.

Erindinu vísað til gerðar fjárhagsáætlunar.

c) Stéttarfélagsins Samstöðu, dags. 8. janúar 2003

Í bréfinu er kynnt ályktun frá stéttarfélaginu þar sem mótmælt er harðlega þeim hækkunum sem boðaðar hafa verið af hálfu ríkis og sveitarfélaga nú um áramót. Stjórn félagsins skorar jafnframt á sveitarstjórnir í Húnavatnssýslum að þær skjóti sér ekki undan þeirri ábyrgð sem á þeim hvílir að taka þátt í að halda niðri verðbólgu og tryggja stöðugleika í efnahagslífi á Íslandi.

Bréfið var til kynningar og ekki gerðar ályktanir vegna þess.

d) Sóknarnefndar Hólaneskirkju, dags. 7. janúar 2003.

Í bréfinu er hvatt til þess að strax næsta sumar verði hafist handa við að gera endurbætur á útliti og frágangi svæðisins austan kirkjunnar skv. því skipulagi sem gert hefur verið af lóðinni.

Erindi bréfisins var vísað til afgreiðslu fjárhagsáætlunar og framkvæmdaáætlunar í tengslum við hana.

e) Einkaleyfastofunnar, dags. 22. júlí 2002.

Í bréfinu er vakin athygli á skráningu byggðamerkja og minnt á að Einkaleyfastofan annast slíka skráningu.

Sveitarstjóra falið að kanna kostnað við skráninguna.

f) Ungmennafélags Íslands, dags. 10. desember 2002.

Með bréfinu er vakin athygli á ályktun 33. sambandsráðsfundar þar sem skorað er á ungmennafélaga um allt land og umsjónarmenn íþróttahúsa að þeir sjái til þess að aldraðir njóti sömu aðstöðu í íþróttahúsum og aðrir aldursflokkar.

Samþykkt að senda afrit bréfsins til umsjónarmanna íþróttahúss og félagsstarfs aldraðra.

g) Stígamóta, dags. 27. nóvember 2002.

Með bréfinu er óskað eftir fjárhagslegum stuðningi við starf Stígamóta. Meðfylgjandi bréfinu var fjárhagsáætlun fyrir árið 2003.

Erindi bréfsins var vísað til umræðu um fjárhagsáætlun.

h) Verkefnisstjóra Snorraverkefnisins, dags. 1. nóvember 2002.

Með bréfinu er óskað eftir stuðningi við verkefnið með þeim hætti að sveitarfélagið styrki 1-2 nemendur af ættum íslenskra innflytjenda í Norður Ameríku til dvalar á Íslandi í um mánaðar tíma í sumar.

Hreppsnefnd taldi ekki forsendur til þátttöku í verkefninu að sinni.

i) Fulltrúa Landskerfis bókasafna, dags. 28. nóvember 2002.

Í bréfinu er því beint til sveitarstjórnar að taka afstöðu til þess hvort ekki sé rétt að bókasöfnin taki upp nýtt bókasafnskerfi og gangi inn í verkefnið, "Landkerfi bókasafna". Í bréfinu kom fram að stofnframlag til kerfisins er áætlaður um 163 þús. kr. og árlegur rekstrarkostnaður rúmlega helmingur þeirrar tölu.

Með vísan til umsagnar bókavarðar var ákveðið að fresta þátttöku í verkefninu.

j) Forvarnarverkefnis námsmannahreyfinganna, dags. 20. nóvember 2002.

Með bréfinu var farið fram á 10.000 kr. framlag til forvarnarverkefnis á vegum námsmannahreyfingarinnar.

Erindinu vísað til gerðar fjárhagsáætlunar.

k) Ungmennasambands Austur-Húnavetninga, 17. desember 2002.

Með bréfinu er óskað eftir fjárstuðningi við USAH.

Samþykkt að vísa erindinu til gerðar fjárhagsáætlunar.

3. Fundargerðir

a) Húsnæðisnefndar, 30. desember 2002.

Fundargerðin var samþykkt.

- b) Héraðsráðs, 10. desember 2002.
Fundargerðin var til kynningar og ekki gerðar athugasemdir vegna hennar.
- c) 699. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, 3. desember 2002.
Fundargerðin var til kynningar.
- d) Stjórnar Samtaka sveitarfélaga á köldum svæðum, 6. desember 2002
Fundargerðin var til kynningar.
- e) Aðalfundur ferðamálasamtaka Nl.vestra, 22.nóvember 2001
Fundargerðin var til kynningar.
- f) Stjórnar Ferðamálasamtaka Nl. vestra 15. mars 2002.
Fundargerðin var til kynningar.
- g) Stjórnar Ferðamálasamtaka Nl. vestra 10. maí 2002.
Fundargerðin var til kynningar.
- h) Stjórnar Ferðamálasamtaka Nl. vestra 14. ágúst 2002.
Fundargerðin var til kynningar.
- i) Stjórnar Ferðamálasamtaka Nl. vestra 28. október 2002.
Fundargerðin var til kynningar.
- 4. Önnur mál**
- a) Rætt var um sameiginlegan fund sveitarstjórna Höfðahrepps og Blönduósbæjar sem haldinn verður 17. janúar nk.
- b) Birna vakti máls á félagsstarfi unglunga og umræður urðu um á hvern hátt verði aukið við félagsstarfið.
- c) Jensína vakti máls á að afgreiða þurfi hið fyrsta hvort Kántrýhátíð verði haldin á árinu.
- d) Gunnar Þór greindi frá hugmyndum sínum um meðferð hlutabréfa sveitarfélagsins.

Fleira ekki tekið fyrir fundi slitið kl. 10³⁵

Magnús B. Jónsson
(sign)

Adolf H. Berndsen
(sign)

Gunnar Þór Gunnarsson
(sign)

Jensína Lýðsdóttir
(sign)

Birna Sveinsdóttir
(sign)